

Miðvikudaginn 10. mars 1982.

Nr. 150/1978. **Ingvar Gýgjar Jónsson og  
Olga Sigurbjörg Jónsdóttir**  
(Sigurður Ólason hrl.)  
gegn  
**Friðrik Stefánssyni**  
(Páll S. Pálsson hrl.).

Samaðild. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1978. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að hvor aðilja verði látinn bera sinn kostnað af málinu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda óskipt fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Veðiúttak það, sem um er deilt í málinu, er talið þannig til komið, að í kaupsamningi um jörðina Glæsibæ í Staðarhreppi 20. apríl 1926 hafi seljandinn, Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum, áskilið þeirri eignarjörð sinni hálfu veiði Glæsibæjar í Miklavatni og Sæmundará. Áfrýjendur halda því fram, að þessi umsamdi veiðiréttur Hafsteinsstaða sé að hálfu orðinn eign nýbýlisins Hafsteinsstaða II, nú Gýgjarhóls. Stefndi krefst dómsviðurkenningar fyrir því, að Gýgjarhóll eigi enga hlutdeild í veiði Glæsibæjarjarðar í áðurgreindum vötnum. Styður hann þá kröfu sína meðal annars og sérstaklega þeim rökum, að ákvæðið um veiðirétt Hafsteinsstaða í kaupsamningnum 1926 hafi ekkert gildi haft að lögum vegna fyrimæla 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Samkvæmt því, sem nú var greint, er sakarefni í málinu veiðiúttak, sem haldið er fram, að sé í óskiptri sameign Haf-

steinsstaða I og Gýgjarhóls, ef gilt yrði metið. Dómur um það, hvort ógildur hafi verið áskilnaður í kaupsamningnum 1926 um veiðirétt Hafsteinsstaða varðar eiganda Hafsteinsstaða I með slíkum hætti, að stefnda þar að beina kröfum sínum í málinu sameiginlega að eigendum Gýgjarhóls og þeirrar jarðar, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem stefndi hefur ekki gætt þessa, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann samtals 5.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Friðrik Stefánsson, greiði áfrýjendum, Ingvari Gýgjari Jónssyni og Olgu Sigurbjörgu Jónsdóttur, samtals 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara, þar eð ég er þeirrar skoðunar, að dæma hefði mátt um málið að efni til.

Í 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 segir m. a.: „Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu, og eiga þeir þá óskipta sakaraðild. Ef þeir taka ekki allir þátt í málshöfðum eða ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar, þá skal vísa máli frá dómi.“

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var Steinbirni Jónssyni, eiganda Hafsteinsstaða í Staðarhreppi, stefnt til réttargæslu í málinu. Þar með var honum „veittur kostur á að svara til sakar“ skv. ákvæðum 46. gr. laga um meðferð

einkamála í héraði nr. 85/1936. Því fyrirkalli sinni Steinbjörn Jónsson hins vegar eigi. Það er hans mál og breytir engu um heimild Hæstaréttar til að dæma um mál þetta að efni til, enda er dómur einungis bindandi fyrir málsaðilja.

En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, er ekki efni til, að ég leggi efnisdóm á málið.

### **Dómur vettvangsdóms Skagafjarðarsýslu 3. ágúst 1978.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað af Stefáni Friðrikssyni, Skagfirðingabraut 1, Sauðárkróki, eiganda jarðarinnar Glæsibæjar í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, með stefnu, útgefinni 7. ágúst 1975, á hendur Ingvari Gýggjari Jónssyni, Gýggjarhóli í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu, til staðfestingar á lögbanni, sem hann hafði látið leggja 5. ágúst 1975 við veiði Ingvars í Miklavatni í Skagafirði og umferð hans um land Glæsibæjar í Staðarhreppi í því skyni. Undir rekstri málsins hefur Stefán Friðriksson selt syni sínum, Friðrik Stefánssyni, jörðina Glæsibæ. Hefur Friðrik því tekið við sóknaraðild málsins. Þá hefur komið fram, að Olga Sigurbjörg Jónsdóttir situr í óskiptu búi eftir látinn eiginmann sinn, Jón Jónsson, eiganda jarðarinnar Gýggjarhóls, en stefndi Ingvar Gýggjar Jónsson, sonur þeirra, er ábúandi á jörðinni. Hefur Olga Sigurbjörg tekið við varnaraðild í málinu við hlið Ingvars Gýggjars. Undir rekstri málsins hefur verið fallið frá kröfu um staðfestingu á framangreindu lögbanni. Eru endanlegar dómkröfur sóknaraðilja þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að Gýggjarhóll eigi engan rétt til lax- og silungsveiða í Miklavatni eða Sæmundará, byggðan á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um Glæsibæjarland vegna veiðanna. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi stefndu.

Varnaraðiljar krefjast sýknu af kröfum sóknaraðilja og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Eiganda jarðarinnar Hafsteinsstaða í Staðarhreppi, Steinbirni Jónssyni, var stefnt til réttargæslu í málinu, en hann lét eigi sækja þing í málinu.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 20. apríl 1926, seldi Jón Jónsson, bóndi á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi í Skagafirði, Stefáni Friðrikssyni, bónda í Valadal í Seyluhreppi

í Skagafjarðarsýslu, jörðina Glæsibæ í Staðarhreppi. Í 1. gr. sammingsins er hinni seldu jörð lýst svo: „ . . . 60 hundruð að dýrleika að nýju mati, ásamt tveimur ærkúgildum og álagi frá leiguliða og öllum gögnum og gæðum, húsum og mannvirkjum, sem jörðinni fylgja og ég hefi eignast hana með, að undanskildu því, að ég áskil Hafsteinsstöðum ítak til silungs- og laxveiði til jafns við Glæsibæ í Staðará og Miklavatni og uppsátur fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um landið vegna veiðinnar. Landamerki jarðarinnar eru samkvæmt landamerkjaskrá, dagsettri 18. júní 1923, þinglesinni á manntalsþingi Staðarhrepps 28/6 sama ár.“ Var samningnum þinglýst á manntalsþingi 26. júní 1926. Með samningi, dags. 2. nóvember 1933, seldi Jón bóndi Jónsson á Hafsteinsstöðum Sigríði Snæland „eignarrétt yfir ca. 1/10 hluta af landi eignar- og ábýlisjarðar sinnar Hafsteinsstaða samkvæmt álitsgerð undirfasteignamatsnefndar Skagafjarðarsýslu 21. október 1932“. Er hinu selda landi lýst svo í kaupsamningnum: „1. Land það milli Sæmundarár og Héraðsvatna, er áður var keypt frá Vík og lagt undir Hafsteinsstaði. 2. Land vestan akbrautar af landi Hafsteinsstaða að norðanverðu, 400 — fjögur hundruð — metra breið spilda vestur það sem land jarðarinnar nær. 3. Land austan við akbraut, frá merkjum að norðan suður að mógrafarskurði, ræður sá skurður og Grófarlækur merkjum austur á móts við vestanverðan „Gunnarsmó“. Þar er suðaustur hornmerki. Þaðan liggja svo merkin í norður, austan í holtinu vestan við ytri Bakkamýri í núverandi landamerki Hafsteinsstaða að norðan“.

Með samningi, dags. 8. júní 1939, seldi Jón bóndi á Hafsteinsstöðum Jóni Björnssyni, bónda frá Reykjarhóli í Skagafjarðarsýslu, eignar- og ábýlisjörð sína Hafsteinsstaði. Undanskilinn sölunni var sá hluti jarðarinnar, sem Jón hafði áður selt Sigríði Snæland. Í samningi þessum er svofellt ákvæði: „Veiðirétt í Sæmundará fyrir Hafsteinsstaðalandi hefur þessi selda eign til jafns við hinn áður selda hluta jarðarinnar. Þessi selda eign og hinn áður seldi hluti jarðarinnar hafa jafnan rétt til veiðitaksins í Sæmundará og Miklavatni fyrir Glæsibæjarlandi og afnot lands vegna veiðinnar“. Jón Jónsson keypti aftur þann hluta af landi Hafsteinsstaða, sem hann hafði selt Sigríði Snæland, og var það staðfest með afsali, dags. 18. september 1951. Áður mun Jón hafa verið farinn að búa á þessum hluta jarðarinnar Hafsteinsstaða, sem nefndur var Hafsteinsstaðir II, en einnig mun hafa verið keypt til nýbýlisins land frá jörðinni Vík

svo og skiki af landi jarðarinnar Steinhólts og húsakostur, sem þar var. Þjó Jón síðan á Hafsteinsstöðum II til dauðadags 1973. Stefndi Ingvar Gýgjar var þá fyrir nokkrum árum orðinn ábúandi á nýbýlinu, en 2. október 1958 hafði verið lögfest á því nafnið Gýgjarhóll. Fram er komið, að á aðalfundi veiðifélags Sæmundarár 19. nóvember 1961 hafi af hálfu eiganda Gýgjarhóls verið óskað eftir leiðréttingu á hlut Gýgjarhóls samkvæmt arðskránni með hliðsjón af áðurgreindum kaupsamningi um jarðirnar Glæsibæ og Hafsteinsstaði. Þá er og komið fram, að af hálfu eigenda Hafsteinsstaða og Gýgjarhóls var hinn 12. febrúar 1963 óskað eftir endurskoðun á arðskrá Veiðifélags Sæmundarár með hliðsjón af kaupsamningi þeirra um Hafsteinsstaði.

Stefán Friðriksson kveður kaupverð Hafsteinsstaða hafa verið eitt hæsta jarðarverð, sem tíðkast hafi, er hann keypti jörðina, og hafi ákvæðið um veiðiréttinn ekki haft minnst áhrif á söluverð jarðarinnar. Hvorki hann né Jón Jónsson hafi gert sér grein fyrir því, að ógilt hafi verið að lögum að skilja veiðirétt frá Glæsibæ, en Jón hafi aldrei gert tilraun til að nota sér þetta sammingsákvæði. Umferðarréttur sá, sem í sammingsákvæðinu hafi falist, hafi verið fölginn í því að fara beint yfir holt að Miklavatni, en ekki að fara á vélknúnum ökutækjum yfir grónar og ábornar engjar, eins og núverandi ábúandi á Gýgjarhóli hafi gert tvisvar eða þrisvar sinnum, er hann hafi gert tilraun til að veiða í vatninu. Hafi veiði sú, sem bændur á Hafsteinsstöðum kunni að hafa stundað í Miklavatni, verið stunduð fyrir landi annarra jarða en Glæsibæjar.

Ingvar Gýgjar Jónsson kveður föður sinn hafa stundað netaveiði í Miklavatni samkvæmt ítaki sínu í veiði Glæsibæjar öll vor. Hafi hann haft fjárhús austur undir Héraðsvötnum og hafi verið vitjað um netin, um leið og farið var til kindanna. Sjálfur kveðst Ingvar hafa nytjað veiðiítakið meira og minna fyrir og síðar án andmæla af hálfu eigenda Glæsibæjar fyrir en sumarið 1975.

Krafa stefnanda er byggð á því, að er samningur þeirra Jóns Jónssonar og stefnanda var gerður um jörðina Glæsibæ 20. apríl 1926, hafi verið í gildi ákvæði 2. t. l. 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem lagt hafi bann við því að skilja veiði að nokkru eða öllu leyti frá jörðum. Ákvæði sammingsins um veiðiítak Hafsteinsstöðum til handa hafi falið í sér skerðingu á rétti eiganda Glæsibæjar til þess að nýta einn að fullu rétt jarðarinnar til

veiða á vatninu og hafi þetta ákvæði samningsins verið ólöglegt. Því hafi ekki stofnast réttur til veiða í Miklavatni til handa eiganda Hafsteinsstaða og síðar eiganda Gýgjarhóls, sem byggður verði á þessu samningsákvæði. En jafnvel þótt talið verði, að samningurinn hafi stofnað til réttar þáverandi eiganda Hafsteinsstaða til veiða í Miklavatni, þá hafi sá réttur eigi varað lengur en lífstíð seljandans, Jóns Jónssonar. Þá er því haldið fram, að eigandi Glæsibæjar hafi ávallt hagnýtt sér allan rétt til veiða í Miklavatni sem einkaeigandi jarðarinnar. Hafi hann einnig notið fyllsta arðs í samræmi við það samkvæmt arðskrá Veiðifélags Sæmundarár, sem nái bæði til veiða í Miklavatni og Sæmundará. Hafi eiganda og ábúanda Gýgjarhóls verið um það kunnugt þegar á árinu 1961. Eigandi Hafsteinsstaða hafi og ekkert aðhafst til að nýta veiði í vatninu og verði að líta svo á, að hann geri því ekki kröfu til veiða í vatninu, sem byggð verði á greindu samningsákvæði. Þá hafi hvorki eigandi né ábúandi Gýgjarhóls veitt í Miklavatni á grundvelli greinds samningsákvæðis. Ef þeir hafi veitt í vatninu, þá hafi það verið í rétti annarra jarða við vatnið. Því er haldið fram, ef talið verði, að veiðitak hafi stofnast fyrir Gýgjarhól, að stefnandi hafi unnið lausnarhefð á því ítaki.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að með samningi þeirra Jóns Jónssonar og Stefáns Friðrikssonar frá 20. apríl 1926 hafi verið stofnað veiðitak í Miklavatni til handa eiganda Hafsteinsstaða í veiði jarðarinnar Glæsibæjar í vatninu. Hafi verið fullkomlega lögmætt að stofna til veiðitaksins, enda hafi samningnum verið þinglýst. Á þeim tíma, sem samningurinn var gerður, hafi verið í gildi veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 svo og ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, en XIII. kafli þeirra laga hafi fjallað um veiði í vötnum. Samkvæmt 4. gr. veiðitilskipunarinnar hafi verið bannað að „skilja að veiðiréttinn og lóðina“, en samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar hafi þrátt fyrir það verið gert ráð fyrir slíkum veiðitökum og að þau skyldu standa óröskuð með öllu. Ákvæði þetta hafi eigi verið afnumið með ákvæðum XIII. kafa vatnalaganna eða síðari veiðilöggjöf. Þvert á móti hafi þetta verið ítrekað með lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum, þar sem ítök hafi verið gerð óafleysanleg gegn vilja ítakseiganda. Á þeim tíma hafi hins vegar verið komin í lög heimild til að leysa til sín veiðiréttindi, sem skilin höfðu verið frá landi að nokkru eða öllu leyti. Veiðitök hafi hins vegar eigi verið talin til slíkra réttinda, því að þau hafi ekki verið talin

skilja veiði frá neinu landi, lóð eða bakka. Ítakspoli hafi allt að einu haft óhindraðan veiðirétt hvar sem var fyrir landareign sinni, enda hafi veiðirétturinn hvergi verið skilinn við landið í skilningi laganna. Jafnvel þótt svo yrði talið, að veiðiúttak þýddi meiri eða minni undanskil veiðiréttar frá landi eða bakka, þá breytti það engu í þessu máli, því að ákvæði 121. gr. þá gildandi vatnalaga hafi heimilað slík undanskil samkvæmt beinni löggjöfnun, ef svo hagaði til, að „önnur hlunnindi komi á móti, er þeirri landareign sé ekki metin minna verð en veiðirétturinn“. Verði að ganga út frá því sem sjálfsgöðu, að á móti ítakinu hafi komið tilsvareandi afsláttur eða lækkun kaupverðs jarðarinnar, þannig að skilyrðum greinarinnar hafi verið fullnægt samkvæmt ótvíræðri löggjöfnun. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að það sé brot á grundvallarreglu 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð o. fl., er stefnandi vilji nú tileinka sér án endurgjalds ítaksréttinn, sem samið var um til handa eiganda Hafsteinsstaða, en stefnandi hafi sjálfur samþykkt ítakið með undirskrift sinni, enda hljóti söluverð jarðarinnar að hafa verið ákveðið í samræmi við það og báðum samningsaðiljum verið það ljóst. Þá kemur það og fram af hálfu stefndu, að samkvæmt jarðabókinni frá 1706 sé Hafsteinsstöðum talin lax- og silungsveiði til hlunninda og hljóti þau nú að fylgja Gýgjarhóli að hluta. Þá sé lax- og silungsveiði talin jörðinni Vík til hlunninda, en hins vegar séu slík réttindi eigi talin fylgja Glæsibæ. Er því haldið fram, að er samningurinn frá 20. apríl 1926 var gerður, hafi því raunverulega Hafsteinsstaðir verið að láta af hendi við Glæsibæ hluta af aldagömlum hefðbundnum réttindum þeirrar jarðar. Í þessu sambandi sé og á það að líta, að er nýbýlið Gýgjarhóll var stofnað, hafi það fengið nokkurn hluta af landi jarðarinnar Víkur, og ekki sé óeðlilegt, að því landi hafi fylgt hlutfallslegur veiðiréttur. Við munnlegan flutning málsins kom og fram af hálfu stefndu, að réttur Gýgjarhóls til veiða í Miklavatni sé ekki leiddur af rétti Hafsteinsstaða til veiða í vatninu, heldur sé um að ræða sjálfstæðan rétt, sem stofnast hafi með löggerningi. Stefndu telja stefnanda eigi hafa hreyft athugasemdum við þessu í um 50 ár. Er því mótmælt af hálfu stefndu, að veiðiúttak það, sem Gýgjarhóll eigi í Miklavatni, hafi fallið niður vegna lausnarhefðar, svo sem haldið sé fram af stefnanda. Hafi veiði í Miklavatni verið stunduð frá Hafsteinsstöðum og Gýgjarhóli á grundvelli veiðiúttaksins meira og minna alla tíð, frá því er samningurinn var gerður 20. apríl 1926. Hafi þær veiðar aldrei

verið hindraðar eða stöðvaðar af eiganda Glæsibæjar. Hafi það fyrst verið á árinu 1975 sem eigandi Glæsibæjar hafi hafist handa um það, svo sem áður greinir. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að eigandi Gýgjarhóls eigi veiðirétt, veiðiltak, að einum fjórða hluta í Sæmundará og Miklavatni fyrir landi Glæsibæjar og fái kröfugerð stefnanda í málinu eigi staðist gagnvart ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Geti krafa stefnanda í málinu aðeins náð fram að ganga á þeim grundvelli, að stefnandi leysi til sín ítakið gegn endurgjaldi.

#### Álit dómsins.

Við upphaf máls þessa var eiganda og ábúanda Hafsteinsstaða stefnt til réttargæslu í málinu, en fram hefur komið af hálfu sóknaraðilja, að eigi hafi verið gerð tilraun til veiða fyrir landi Glæsibæjar frá Hafsteinsstöðum. Með hliðsjón af þessu þykir sóknaraðilja hafa verið heimilt að reka mál þetta á hendur eiganda og ábúanda Gýgjarhóls án beinnar kröfugerðar á hendur eiganda og ábúanda Hafsteinsstaða.

Í málinu hafa verið lagðar fram landamerkjaskrár fyrir Hafsteinsstaði, dags. 4. júní 1921, og fyrir Glæsibæ, dags. 18. júní 1923. Af þeim og öðrum gögnum málsins, m. a. uppdrætti, kemur fram, að jörðin Glæsibær á land að Miklavatni frá Tröllhöfða að ósi Sæmundarár, sem einnig er nefnd Staðará, auk smáspildu austan við ósinn, og land að Sæmundará nokkuð upp með henni. Einnig kemur fram af gögnum þessum, að Hafsteinsstaðir eiga ekki land að Miklavatni, en eiga land að Sæmundará. Það er forn regla í íslenskum lögum, að hver maður á veiði fyrir sinni jörð, sbr. Jónsbók, landsleigubálk, 56. kap., sem var síðar staðfest með ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923. Er Jón Jónsson seldi Stefáni Friðrikssyni jörðina Glæsibæ samkvæmt samningi þeirra frá 20. apríl 1926, áskildi hann Hafsteinsstöðum ítak í lax- og silungsveiði í Staðará (Sæmundará) og Miklavatni, uppsátur fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki í landi Glæsibæjar og umferð um land jarðarinnar til veiðanna. Er samningur þessi var gerður, voru í gildi vatnalög nr. 15/1923, og var í XIII. kafla þeirra fjallað um veiði í vötnum. Ákvæði 2. tl. 121. gr. laganna lagði bann við því að skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, nema um tiltekið árabíl, eigi lengur en 10 ár í senn, nema leyfi viðkomandi ráðherra kæmi til eða önnur hlunnindi kæmu í móti, er væru metin þeirri landareign ekki minna virði en veiðirétturinn. Áskilnaður í samningnum um

veiðiítak fyrir Hafsteinsstaði í Miklavatni og Sæmundará fól í sér skerðingu á rétti Glæsibæjar til veiði í þeim. Eigi er í ljós leitt, að aflað hafi verið leyfis viðkomandi ráðherra, né heldur er fram komið, að á móti hafi komið hlunnindi, sem ekki voru metin minna verði en réttur sá, sem Hafsteinsstöðum var áskilinn til veiði. Þótt tekið kunni að hafa verið tillit til þessa við ákvörðun kaupverðs, verður það ekki talið hafa komið í stað beinna jarðarhlunninda. Verður því að líta svo á, að þetta ákvæði í samningnum hafi brotið í bága við ákvæði 2. tl. 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem telja verður hafa gilt um þetta atriði á þeim tíma. Jón Jónsson seldi svo Sigríði Snæland hluta af landi Hafsteinsstaða, sem samkvæmt samningnum var um 1/10 af landi jarðarinnar. Þau kaup gengu svo til baka, og stofnaði Jón síðan nýbýli á því landi, svo sem áður er fram komið. Verður að líta svo á samkvæmt því, sem að framan er rakið, að áskilnaður Jóns Jónssonar um veiðiítak fyrir Hafsteinsstaði, er hann seldi Stefáni Friðrikssyni jörðina Glæsibæ með samningi þeirra frá 20. apríl 1926, geti ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir rétti til handa eiganda og ábúanda Gýgjarhóls til veiði í Miklavatni og Sæmundará, sem byggður verði á rétti Glæsibæjar til veiði í vatninu. Af hálfu varnaraðilja hefur eigi verið sýnt fram á, að með löggerningi eða með öðrum hætti hafi stofnast sjálfstæður réttur fyrir eiganda og ábúanda Gýgjarhóls til veiði í Miklavatni og Sæmundará, sem byggður verði á rétti eiganda og ábúanda Glæsibæjar. Þykja yfirlýsingar, sem fram hafa komið um veiði frá Hafsteinsstöðum í Miklavatni, ekki veita sönnur um þetta efni. Eigi þykir undirritun Friðriks Stefánssonar með veiðiréttareigendum við Miklavatn og Ingvari Gýgjari Jónssyni undir áskorun til Veiðifélags Sæmundarár fela í sér neina viðurkenningu á gildi umrædds veiðiítaks. Verður eigi talið, að ákvæði 32. gr. samningalaga eða grunnregla, sem í því ákvæði felst, standi í vegi fyrir því, að kröfugerð stefnanda verði tekin til greina. Ekki verður heldur talið, að úrslit málsins, byggð á framangreindum sjónarmiðum, brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Verður því tekin til greina krafa sóknaraðilja á þann veg, að staðfest verður, að eigandi og ábúandi Gýgjarhóls eigi ekki rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará, sem byggður verður á rétti eiganda Glæsibæjar til veiða fyrir landi jarðarinnar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki á landi né nauðsynlega umferð um land Glæsibæjar vegna þeirrar veiði.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Jónassyni erindreka og Guðmundi Jónssyni borgardómara.

#### Dómsorð:

Viðurkennd er krafa sóknaraðilja, Friðriks Stefánssonar, um, að varnaraðiljar, Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og Ingvar Gýgjar Jónsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Gýgjarhóls, eigi ekki rétt til lax- og silungsveiða í Miklavatni eða Sæmundará, sem byggður verði á rétti eiganda Glæsibæjar til veiða fyrir landi jarðarinnar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki á landi né nauðsynlega umferð um land Glæsibæjar vegna þeirra veiða.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. mars 1982.

Nr. 117/1979. **Heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Þórður Gunnarsson hdl.)

gegn

**Jafnréttisráði f. h. Guðrúnar Emilsdóttur og Guðrúnu Emilsdóttur persónulega og gagnsök**

(Gestur Jónsson hdl.).

Jafnréttisráð. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með